



NÁTTÚRUSTOFA
SUDAUSTURLANDS



Helsingjavöktun á Íslandi 2023

Svenja N.V. Auhage, Lilja Jóhannesdóttir, Arnór Þórir Sigfússon,
Brynjúlfur Brynjólfsson og Bjarni Jónasson



Inngangur


Útbreiðsla helsingjavarps hefur aukist á Íslandi undanfarin ár og verpur stærstur hluti íslenska varpstofnsins í Sveitarfélaginu Hornafirði eða í Skaftárhreppi. Árið 2014 var leitað helsingjahreiðra í Sveitarfélaginu Hornafirði og fundust 509 hreiður (Jóhann Helgi Stefánsson ofl. 2015). Árið 2019 og 2020 voru gerðar heildstæðar úttektir á varpstofninum á Íslandi og fundust annars vegar 2051 hreiður fyrra árið og 2403 síðara árið (Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2020, Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2021). Úttektin sem gerð var árið 2020 var vegna verkefnis á vegum AEWA (African - Eurasian Migratory Waterbird Agreement) og AFM (Adaptive Flyway Management) byggir á samvinnu við Breta og Íra um vöktun íslenska varpstofnsins. Samkvæmt rannsóknáætlun verkefnisins á íslenski varpstofninn að vera metinn sömu árin og heildartalning á vetrarstöðvum í Bretlandi og Írlandi fer fram: 2020, 2023 og 2026 og eru hér lagðar fram niðurstöður úttektar ársins 2023. Talningin 2023 var, líkt og fyrri úttektir, framkvæmd af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands. Náttúrustofa Suðausturlands sá um vettvangsvinnu í Sveitarfélaginu Hornafirði og Náttúrufræðistofnun Íslands safnaði gögnum í Skaftárhreppi. Hér má sjá niðurstöður talninga 2023.

Aðrir þættir rannsóknaráætlunarinnar eru lit- og GPS merkingar nær varpstöðum á Suðausturlandi og undirbúningur skoðunarkönnunnar um viðhorf bænda á SA og NV landi til helsingja hjá búnaðarsamtökum.

Aðferðir

Talningar

Starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands kortlögðu helsingjahreiður í Sveitarfélaginu Hornafirði dagana 19.- 26. maí 2023. Í Skúmei, þar sem er mjög þétt byggð á smáu svæði (10 ha), voru hreiður kortlögð nákvæmlega með því að eygni var skipt niður milli þriggja teyma (tveggja eða þriggja manna) með tveimur böndum sem voru lögð suður-norður og gekk hvert teymi skipulega yfir sitt svæði og tóku hnit af hreiðrum. Til að forðast tvítalningar var eitt egg í hverju hreiðri merkt með vatnsleysanlegum tússpenna. Önnur varpsvæði í Sveitarfélaginu Hornafirði eru flest víðfeðm, nokkuð óaðgengileg og oft illfær sökum bleytu. Varp á þeim svæðum var því metið með því að athugandi kom sér fyrir á heppilegum útsýnisstað og taldi hreiður og fugla með fjarsjá (mynd 1, GPS-hnit í viðauka 1). Á öllum varpsvæðum var einnig metinn fjöldi fullorðna fugla utan Skúmei þar sem mikill þéttleiki gerir það erfitt.



Mynd 1 – Efst sést yfirlit yfir alla útsýnisstaði sem notaðir voru til að kortleggja helsingjahreiður í Sveitarfélaginu Hornafirði. Til vinstri niðri er nærmynd af Mýrum og til hægri er nærmynd af Nesjum.

Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands töldu í Skaftárhreppi dagana 29. til 31. maí 2023. Þá var keyrt og gengið meðfram Hólmsá frá Hrífunesi að Brytalækjum með svipuðum hætti og gert var í úttekkt árið 2009 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Svenja N. V. Auhage 2012) og aftur 2019 og 2020 (Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2019; Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2020). Einnig var ekið inn að Skaftárdal, þar sem fannst eitt varppar 2019 og tvö pör 2020 og síðan gengið meðfram Tungufljóti á þeim kafla sem helsingjar hafa fundist 2020 þ.e. frá Snæbýli og niður fyrir Gröf, en kaflinn fyrir ofan það sem var kannaður 2019 var auk þess skoðaður 2023.

Líkleg varpsvæði í Meðallandi voru könnuð bæði akandi og gangandi við Eldvatn og Botna.

Talin voru öll hreiður sem fundust, þ.e. hreiður sem legið var á, útleidd eða rænd. Eins voru allir fuglar taldir sem sáust og metið hvort um var að ræða varppör eða geldfugla. Þar sem nánast öll hreiður voru í hólum í óvæðum ám eða í ókleifum klettum var aldrei farið að þeim en gps-hnit tekin á móts við varpsvæðin ásamt nánari lýsingu á dreifingu hreiðranna.

Lit- og GPS merkingar

Dagana 10. – 14. júlí var leiðangur á vegum Náttúrufræðistofnunar, Náttúrustofu Suðausturlands og Verkís á ferð um Sveitarfélagið Hornafjörð og í Skaftárhreppi til merkinga á helsingjum með litmerkjum og GPS/GSM sendum frá Ornitela. Hópur sjálfboðaliða var með í för auk þess sem starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs tóku þátt í merkingum. Helsingjar eru í sárum á þessum tíma og því ófleygir og var þeim smalað í netgirðingar sem reistar voru þar sem helsingjahópar fundust. Fullorðnir helsingjar og stálpaðir ungar voru merktir með stálmerki frá Náttúrufræðistofnun Íslands á öðrum fæti og með lituðu plastmerki með ígröfum bókstöfum. Smávaxnir ungar voru aðeins merktir með stálmerki. Einn fugl var merktum með hálshring sem á var GPS/GSM sendir frá Ornitela.

Skoðanakönnun

Tilgangurinn með skoðanakönnun er að rannsaka hvort eða hversu mikið vandamál bændur á SA- og NV-landi telja helsingja vera m.t.t. tjóns á ræktarlandi. Út frá rannsókninni er hægt meta hvort einhverra aðgerða er þörf og kanna hvort viðhorf bænda sé annað til helsingja en til annarra gæsa og álfta. Kannað verður hvaða aðferðum bændur hafa beitt til að halda fugli frá ræktarlandi og hvaða úrbætur þeir sjái fyrir sér. Hægt verður að flokka niðurstöður eftir búnaðafélögum (minni en búnaðarsambönd) og niðurstöðurnar gætu nýst við að flokka niður í ágangsvæði.


Könnunin er mikilvæg til að fá núllpunkt til samanburðar síðar ef gripið verður til aðgerða sem miða að því að draga úr tjóni. Til stendur að lengja veiðitíma á helsingja í Sveitarfélaginu Hornafirði og Skaftárhreppi frá og með 1. september og nauðsynlegt að hafa viðmiðunarupplýsingar.

Niðurstöður

Talningar

Í Skúmey fundust 1729 hreiður og út frá þeim fjölda má áætla að þar hafi verið alla vega 3458 fuglar (tafla 2, mynd 2 og 3). Á Breiðamerkursandi var áætlað að þar hafi verið 40 pör með unga en í heild 100 fullorðnir fuglar. Í Suðursveit sáust engin varppör en þar sáust 411 geldfuglar þann

20. maí. Á Mýrum voru 832 varppör og í heild 2071 fuglar. Í Nesjum voru 162 varppör og í heild 370 fullorðnir fuglar.



Mynd 2 – Staðsetningar varpa og fjöldi hreiðra í hverju varpi í Sveitarfélaginu Hornafirði vorið 2023.

Við Hólmsá fundust 268 hreiður og 1029 fuglar alls, sem er töluverð fækkun frá því árinu 2020 (þá fundust 400 hreiður) en aftur á móti sambærilegt og 2019 þá fundust 280 hreiður við Hólmsá alls og 1064 fuglar (tafla 2). Síðan 2009 hefur varpsvæðið við Hólmsá stækkað í báðar áttir meðfram ánni, til norðvesturs næstum því upp að Brytalækjum og austur fyrir Atley, en þar eru helsingjar farnir að verpa í háum björgum meðfram ánni eins og þeir eru vanir að gera á heimskautasvæðum. Breytingin á útbreiðslu varpsvæðisins milli ára frá 2019 og 2020 til 2023 er lítil, fyrir utan að nokkur pör fundust sunnar en Atley við Moldrana (Vigfús Gíslason munnl. uppl.). Við Skaftá fundust alls 17 fuglar og af því 7 pör við hreiður nærri bænum Skaftárdal, en 2020 fundust tvö pör og 2019 eitt par. Við Tungufljót fundust í 15 varppör og 52 fuglar alls (2019: 11 pör og 53 fuglar alls, 2020: 15 pör og 75 fuglar alls, tafla 2) og voru þau öll á sama afmarkaða svæði fyrir neðan bæinn Snæbýli eins og árið áður. Í Meðallandi við Eldvatn og Botna fannst einungis eitt staðfest varppar, en sumir fuglar voru með mögulega varphegðun. Heildarfjöldi á því svæði voru 20 fuglar alls.

Ný vörp sem hafa bæst við utan megin útbreiðslusvæðisins voru um 50 varppör í Seley og Andey á Austfjörðum og 20 pör við Ölfusá (tafla 3).

Tafla 1 - fjöldi varppara og helsingja í Sveitarfélaginu Hornafirði vorin 2019, 2020 og 2023

	Varppör			Fjöldi fugla		
	2019	2020	2023	2019	2020	2023
Skúmey	1330	1495	1729	*	*	*
Breiðamerkursandur	4	43	40**	*	527	100***
Suðursveit	26	19**	0	*	834	411***
Mýrar	317	364	832	1655	1959	2071
Nes	78	136	162	232	295	370
Eyjar við Höfn	5	15**	*	*	*	*
ALLS	1760	2072	2763	-	-	-

*Gögn vantar, heildarfjöldi fugla ekki talinn

** Áætlað

***Byggir á talningum 20.05.2023

Tafla 2 - fjöldi varppara og helsingja í Skaftárhreppi vorin 2019, 2020 og 2023


	Varppör			Fjöldi fugla		
	2019	2020	2023	2019	2020	2023
Hólmsá	280	400	268	1064	1545	1029
Tungufljót	11	16	15	53	75	52
Skaftá	1	2	7	2	8	17
Eldvatn	-	3	1	-	7	20
ALLS	292	421	291	1119	1635	1118

-Engir fuglar sáust í flugi yfir svæði

Tafla 3 - fjöldi varppara og helsingja á öðrum svæðum vorið 2023

	Varppör			Fjöldi fugla		
	2019	2020	2023	2019	2020	2023
Ölfus	*	*	20	*	*	60
Seley, Andey	*	*	47	*	*	124
ALLS	*	*	67	*	*	184


*Gögn vantar



Mynd 3 Hreiðurfjöldi í Skúmey og í heildartalningum

Merkingar

Alls voru veiddir 620 helsingjar við merkingarnar, þar af veiddust 538 í Sveitarfélaginu Hornafirði og 82 í Skaftárhreppi. Af þeim voru 500 nýmerktir, 116 voru merktir á Íslandi á fyrri árum og 4 voru merktir á Bretlandseyjum. Af þessum sem voru nýmerktir voru 446 í Sveitarfélaginu Hornafirði og 54 í Skaftárhreppi. Af endurveiddum voru 116 veiddir í Sveitarfélaginu Hornafirði og 28 í Skaftárhreppi en bresku fuglarnir voru allir veiddir í Sveitarfélaginu Hornafirði. Einn fugl var merktur með GPS/GSM sendi og var það í Skaftárhreppi. Hann fékk nafnið Guðmundur II og má sjá ferðir hans frá merkingu 14. júlí við Brytalæki til 28. febrúar þar sem hann er á vetrarstöðvum sínum á Islay í Skotlandi (mynd 4).



Mynd 4 Ferðir helsingjans Guðmundar II frá merkingu 14. júlí 2023 til 28. febrúar 2024.

Skoðanakönnun

Verkþátturinn hefur ekki gengið eins hratt og til stóð af ýmsum orsökum. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) hefur aðstoðað við gerð spurningarkönnunar sem er því sem næst tilbúin. Stefnt er að því að setja könnunin í loftið á þessu ári (2024) og standa samningar við RHA yfir um útfærslu og kostnað. Mikilvægt er að skoða hvort hægt sé að samkeyra niðurstöður úr könnuninni við gögn úr beitarrannsóknum og viðveru GPS merktra fugla á ræktarlandi.

Umræður

Aukning á varpstofni helsingja á Íslandi heldur áfram en heildarfjöldi varppara var 2052 pör árið 2019, 2493 pör árið 2020 og 3121 pör 2023 (Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2020, 2021). Aukningin á milli 2019 og 2020 var um 18% en um 20% frá 2020 til 2023. En þegar árlegar talningar í Skúmeý eru skoðaðar í samanburði við heildartalningar varpstofnsins sem hafa farið fram kemur í ljós fækkun í Skúmeý í ár miðað við síðustu tvö árin þar á undan þegar engar heildartalningar voru framkvæmdar (mynd 3). Þetta er vísbending um að mögulega hefur heildarvarpstofninn á Íslandi verið enn stærri þessi tvö undanfarin ár og fækkun í Skúmeý í ár endurspeglir afleiðingar fuglflensunnar.

Heildarstofnmat helsingja á Íslandi fyrir árið 2023 er 11.349 fuglar sem er mjög líkt og matið 2020 en þá var heildarstofnmat 11.600 fuglar sem var aftur á móti 29% aukning frá árinu áður (2019) þegar stofninn var metinn 9000 fuglar.

Sem áður er mestur fjöldi varppara í Skúmey í Jökulsárlóni þar sem 1729 varppör fundust, en hröð aukning er á Mýrum þar sem varpstofninn hefur rúmlega tvöfaldast síðan 2020 eða úr 364 pörum í 832 pör (Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2021). Fjöldi í Nesjum er nokkuð stöðugur en þar voru 136 hreiður 2020 og 162 árið 2023. Varppörum við Hólmsá fækkaði töluvert síðan 2020 úr 400 pörum í 268 pör sem er með svipuðu móti og 2019 en þá fundust 280 pör. Fjöldi varppara við Tungufljót var sambærilegur við 2020, 16 pör þá en 15 pör 2023 og pörum við Skaftá fjölgaði úr tveimur í 7 pör (Lilja Jóhannesdóttir ofl. 2020). Við Eldvötn fannst einungis eitt þar við hreiður, en 20 fuglar alls og var varpstaða sumra þeirra óviss. Við nánari könnun kom þó í ljós að svæðið er ekki eins mikið varpkjörlendi og virtist að vera í fyrstu því vatnsdýptin og straumurinn er víðar ekki nægur til að halda afræningjum frá. Öðrum nýjum varpsvæðum á Austfjörðum og við Ölfusá er fylgst með og á eftir að koma í ljós stækkun þeirra og möguleg dreifing út frá þeim svæðum.

Heimildir

Brynjúlfur Brynjólfsson og Kristín Hermannsdóttir, 2022. *Helsingjavöktun á Suðausturlandi 2021*. Útgefandi: Náttúrustofa Suðausturlands og Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, janúar 2022. 46 bls.

Jóhann Helgi Stefánsson, Kristín Hermannsdóttir & Snævarr Guðmundsson 2015. [Helsingjar í Austur-Skaftafellssýslu – stofnstærð og varpútbreiðsla 2014](#). Náttúrustofa Suðausturlands, desember 2015.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Svenja N.V. Auhage 2012. *Helsingjar við Hólmsá*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-12008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Lilja Jóhannesdóttir og Kristín Hermannsdóttir 2019. *Fuglalíf í Skúmey á Jökulsárlóni á varptíma 2018*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, mars 2019. 13 bls.

Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Hermannsdóttir & Svenja N. V. Auhage 2020. [Varpútbreiðsla helsingja á Suðausturlandi 2019](#). Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, janúar 2020. Minnisblað 5 bls.

Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Hermannsdóttir & Svenja N. V. Auhage 2021. [Helsingjavarp í Skaftafellssýslum 2020](#). Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, júní 2021. Minnisblað 9 bls.

Lilja Jóhannesdóttir, Pálína Pálsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Sigurjón Andrédsson og Snævarr Guðmundsson 2023. *Ársskýrsla 2022*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, mars 2023.

Snævarr Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Hrafnhildur Ævarsdóttir, David Evans, Brynjúlfur Brynjólfsson og Björn Gísli Arnarson, 2018. *Skúmey í Jökulsárlóni*. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði. 62 bls.

Viðauki 1

Hnit útsýnispunkta í Sveitarfélaginu Hornafirði

Punktur	Lat	Long
1	64.051867	-16.344843
2	64.216933	-15.842195
3	64.170744	-15.836522
4	64.243714	-15.524055
5	64.241786	-15.514216
6	64.246996	-15.474129
7	64.249234	-15.472668
8	64.264749	-15.430758
9	64.323735	-15.412394
10	64.271287	-15.409158
11	64.252725	-15.404643
12	64.256954	-15.404542
13	64.246329	-15.39809
14	64.244016	-15.394774
15	64.30008	-15.39407
16	64.24051	-15.392294
17	64.296063	-15.389124
18	64.25789	-15.38805
19	64.291385	-15.38712
20	64.293231	-15.38711
21	64.250218	-15.385589
22	64.310003	-15.385307
23	64.305795	-15.382891
24	64.310911	-15.377089
25	64.308741	-15.376269
26	64.246676	-15.368561
27	64.302174	-15.31893
28	64.296261	-15.309961
29	64.305627	-15.309064
30	64.302983	-15.30885
31	64.446268	-15.299489
32	64.308258	-15.29732
33	64.304991	-15.293725
34	64.309959	-15.288655
35	64.306213	-15.287509
36	64.309052	-15.286647
37	64.354861	-15.266268
38	64.3209	-15.247338